




BÍÓTEKIÐ er heiti yfir reglulegar kvikmyndasýning-
ar á vegum **Kvikmyndasafns Íslands** sem haldnar
eru í samstarfi við **Bíó Paradís**. Sýndar verða valdar
íslenskar og erlendar kvikmyndir einn sunnudag
í hverjum mánuði, frá september 2025 fram í
apríl 2026. Boðið verður upp á sérstaka viðburði,
fræðslu og spjall í tengslum við þær kvikmyndir
sem verða sýndar. Frekari upplýsingar um dagskrá
og miðasölu er að finna á samfélagsmiðlum og á
kvikmyndasafn.is og **bioparadis.is**

Miðaverð er 1.290 krónur.



The Great Dictator


1940

Í sinni fyrstu hljóðmynd tekst **Charlie Chaplin** á við pólitík og einræðishyggju með beitrri satíru. Chaplin leikur bæði fátækan gyðing og grimman einræðisherra sem á augljósa samsvörun í Adolf Hitler. Myndin blandar saman háði og djúpum boðskap og markaði tímamót á ferli Chaplins, ekki síst fyrir hugrekki á erfiðum tímum fyrir gagnrýna umræðu.

Lokaeinræðan, þar sem hann ávarpar heiminn með ákalli um frið og samstöðu, er eitt áhrifamesta augnablik kvikmyndasögunnar.

kl. 14:30

28.
september



Mademoiselle

1966

Sálfræðilegt drama undir sterkum áhrifum evrópskra „*arthouse*“-mynda og bresku nýbylgjunnar. Myndin blandar raunsæi sveitalífsins við tilraunakenndan og táknrænan frásagnarhátt, þar sem andrúmsloft og tilfinningar skipta ekki síður máli en söguþráðurinn sjálfur. Í þessari kvikmynd eftir **Tony Richardson** túlkar **Jeanne Moreau**, dularfulla kennslukonu sem felur grimman hugarheim á bak við fagaða ásýnd.

Myndin var sýnd í Cannes við vægast sagt misjafnar viðtökur en hefur með tímanum öðlast költ-sess meðal kvikmyndaáhugamanna. *Mademoiselle* er sérkennilegt meistaraverk um bælda löngun, eyðileggjandi ástríður og síðast en ekki síst ægivald fordóma.

kl. 17:00

28.
september



A Nightmare on Elm Street

1984


Þessi hryllingsklassík frá níunda áratugnum, í leikstjórn **Wes Craven**, kynntíahorfendur fyrir **Freddy Krueger**, einu hrikalegasta og eftirminnlegasta illmennni kvikmynda-sögunnar.

Í myndinni verða unglingar varnarlausir jafnt í draumi sem og vöku. Með frumlegum hugmyndum, taugatrekkjandi klippingum og sterkum myndlíkingum endurskilgreindi Wes Craven hryllingsmyndina sem listform og opnaði dyr fyrir heila kvikmyndaseríu og aragrúa eftirlíkinga.

Einnig er nokkuð víst að Freddy hefur heimsótt fleiri en fórnarlömb kvikmyndarinnar í draumum þeirra. Í aðal-hlutverkum eru **Heather Langenkamp** og ungur **Johnny Depp** í sinni fyrstu kvikmynd.

kl. 19:00

28.
september



Hvað er í blýhólknum

1971

Í tilefni þess að hálf öld er liðin frá Kvænnafrídeginum sýnir Kvikmyndasafn Íslands samstarfi við RÚV sjónvarpsleikritið *Hvað er í blýhólknum* eftir **Svövu Jakobsdóttur** í leikstjórn **Mariu Kristjánsdóttur**.

Verkið fjallar um Ingu, dæmigerða íslenska nútímakonu, og hvernig áhrif samfélagsins móta hana og ráða örlögum hennar.

Leikhópurinn Gríma setti verkið fyrst upp árið 1970, sama ár og Rauðsökkahreyingin var stofnuð og árið 1971 var leikritið kvikmyndað og frumsýnt á RÚV. Þetta voru umbrotatímur í kvennabaráttunni á Íslandi sem náðu hápunkti með Kvænnafríinu í október 1975.

Myndin er áhugaverður samtímaspegill á kvennabaráttu áttunda áratugarins.

Boðið verður upp á spurt og svarað eftir sýninguna.

kl. 14:30

26.
október



Alphaville

1965

Eftirminnileg kvikmynd **Jean-Luc Godard** þar sem hann sameinar vísindaskáldskap í anda film noir og ádeilu á tækni og stjórnmál.


Í Alphaville, skáldaðri borg í framtíðinni, er öllu stjórnað af tölvu, Apha 60. Í þeim heimi ræður köld skynsemi öllu og tilfinningar mannsins engu. Leyniþjónustumaður er sendur til að eyða tölvunni og finna vísindamanninn sem stendur á bak við hana og kynnist þá dóttur vísindamannsins, sem hefur aldrei lært að elska.

Alphaville er einstakt verk í kvikmyndasögunni sem spyr áhorfendur grundvallarspurninga um frelsi, mannleg gildi og dætrunum sem eiga yfir höfði sér ofsóknir nasista.

Velta má vöngum yfir erindi verksins við samtímann og samskiptum okkar við gervigreindina.

kl. 17:00

26.
október



Conflagration

1958

Enjō í leikstjórn **Kon Ichikawa** er sálfræðilegt drama um ungan munk sem verður heltekinn af leitinni að fullkominni fegurð, leit sem endar með hörmulegu voðaverki.

Myndin er byggð á *The Temple of the Golden Pavilion* eftir **Yukio Mishima** og sameinar flókna uppbyggingu frásagnar og myndrænt meistaraverk kvikmyndatökumannsins, **Kazuo Miyagawa**.

Raizō Ichikawa fer á kostum í aðalhlutverkinu sem aflaði honum bæði *Blue Ribbon* og *Kinema Junpo* verðlaunanna sem bestí leikari.

Ichikawa sagði þessa mynd vera meðal sinna kærustu verka og það endurspeglast í hverri einustu senu.

kl. 19:00

26.
október



Contempt *Le mépris*

1963

Le Mépris er eitt af meistarverkum **Jean-Luc Godard**, litrík og myndræn hugleiðingum ást, svik og kvikmyndalistina sjálfa.

Myndin var umdeild þegar hún kom út en hefur síðan öðlast sess sem eitt af helstu meistarverkum **frönsku** nýbylgjunnar.

Myndin segir frá rithöfundinum sem fær það verkefni að skrifa kvikmyndahandrit upp úr Ódysseifskviðu en ástríðan lendir fljótlega í klemmu milli listar og viðskiptahagsmuna þegar bandarískur framleiðandi þrýstir á málamiðlanir. Á sama tíma fjarar undan sambandi hans og eiginkonu hans, sem leikin er af **Brigitte Bardot**.

kl. 15:00

23.
nóvember



Tár úr steini

1995

Kvikmyndin gerist í Þýskalandi á þriðja áratug 20 aldar.

Jón Leifs á bjarta framtíð fyrir sér sem tónskáld þegar hann verður ástfanginn af gyðingastúlkunni **Annie Riethof**, sem er eftirsóttur pianóleikari. Þau gíftast og setjast að í Berlín.

Draumur Jóns um frægð og frama snýst brátt upp í baráttu upp á líf og dauða, í landi sem er öðum að breytast í helviti á jörð. Ást hans á tónlistinni togast á við ástina á Annie og dætrunum sem eiga yfir höfði sér ofsóknir nasista.

Þessi kvikmynd **Hilmars Oddssonar** hlaut mikið lof fyrir fagurfræði og tónlist þegar hún kom fyrst út, auk þess að ferðast víða um heim á alþjóðlegar kvikmyndahátíðir.

Boðið verður upp á spurt og svarað eftir sýninguna.

kl. 17:00

23.
nóvember



Vengeance Is Mine

1979

Kvikmynd eftir **Shōhei Imamura** er aðlögun að metsölbók **Ryūzō Saki**. Hún er sögð tæta í sundur mýtur um sekt og sakleysi.


Iwao Enokizu er miðaldra maður sem finnur hjá sér óútskýranlega þörf til að fremja hræðileg og ofbeldisfull morð. Lögreglan eltir hann um allt en honum tekst sífellt að sleppa á einhvern ótrúlegan hátt.

Á flóttanum kynnist hann konu og þau verða ástfangin. Hversu lengi geta þau verið saman áður en örlögin taka í taumana?

Myndin hlaut verðlaun bæði heima fyrir og á alþjóðlegum vettvangi. Shōhei Imamura er í dag talinn meðal mikil-vægustu höfunda japanskrar kvikmyndasögu.

kl. 19:30

23.
nóvember



Magnús Jóhannsson

1912-1997 *Kynning*

Magnús Jóhannsson var afar mikilvægur fyrir upphafsmenn íslenskrar kvikmyndagerðar. Að mennt var hann útvarps-virkjameistari og kallaði sig gjarnan kvikmynda-amatör en samt varð hann fyrstur Íslendinga til að fá kvikmynd eftir sig sýnda á hátíðinni í Cannes.


Hann hafði brennandi áhuga á tækninýjungum, prófaði sig áfram með stílfærðar upptökur og tók upp nokkrar dýralífsmyndir á tímum þegar slíkt var afar krefjandi.

Magnús rak sjálfstætt viðgerðar-, innflutnings- og hljóð-setningarfyrirtæki og var jafnframt upphafsmaður kvik-myndavarðveislu á Íslandi.

Á sýningunni verður farið yfir ferilinn og sýndar nokkrar mynda hans. **Gunnþóra Halldórsdóttir**, sérfræðingur á **Kvikmyndasafni Íslands**, leiðir sýninguna.

kl. 15:00

14.
desember



Milli fjalls og fjöru

1949

Sveitalífsmynd **Lofts Guðmundssonar** sem gerist á 19. öld. Hún segir frá kotungssyni sem er sakaður um sauðabjófnað, glæp sem á þeim tíma var talinn einn sá alvarlegasti.

Ungi maðurinn á sér andstæðinga sem yta undir gruninn en fær einnig stuðning þegar á reynir. Inn í frásögnina fléttast auk þess ástarsamband.

Kvikmyndasafn Íslands hefur gert kvikmyndina upp í samstarfi við RÚV sem tók að sér endurhljóðsetningu myndarinnar

Kjartan Darri Kristjánsson ljær Gunnari Eyjólfsyni sína rödd og í öðrum hlutverkum eru Pálmi Gestsson, Sigurður Sigurjónsson, Örn Árnason, Hanna María Karlsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og fl. Leikstjóri er **Þórhildur Þorleifsdóttir**.

Boðið verður upp á spurt og svarað eftir sýninguna.

kl. 17:00

14.
desember



Óðal fedranna

1980

Hrafn Gunnlaugsson skapaði sér nafn í íslenskrí kvikmynd-asögu með þessari mynd, sem varð nær samfundis klassísk. Með henni preytti Hrafn frumraun sína í leikstjórn leikinna kvikmynda í fullri lengd eftir eftirtektarverðan feril í gerð sjónvarpsmynda.

Söguefnið er íslensk sveitafjölskylda sem neyðist til að horfast í augu við nýjan veruleika þegar húsbóndinn fellur frá og örlög hennar reynast nú á valdi kaupfélagsins.

Myndin er beitt ádeila á hið svokallaða „*kaupfélagsveldi*“ sem margir litu á sem meinsemd í íslensku samfélagi á síðari hluta 20. aldar. Hún vakti strax miklar umræður og olli talsverðum deilum í þjóðfélaginu.

Boðið verður upp á spurt og svarað eftir sýninguna.

kl. 19:30

14.
desember